# Fundargerð 278. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 28. mars 2023
**Fundartími:** 9:00-12:00
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson í fjarfundi
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við fundaliðnum Fossmýri L224005; Smábýlabyggð; Deiliskipulag undir lið 8 í fundardagskrá. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 256, dags. 08.03.2023**
   a) **Krókur L166243; Krókur III; Lóð utan um byggingarreit; Deiliskipulagsbreyting – 2303003**
   Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Krók L166243. Í breytingunni felst að afmörkun byggingarreits B2 minnkar og skilgreind er lóð utan um byggingarreitinn. Fyrir liggur umsókn eigenda Króks um stofnun lóðarinnar úr jörðinni þar sem gert er ráð fyrir að hún fái staðfangið Krókur III.

   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

   Fyrir liggur tillaga að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Krók L166243, fyrrum Hraungerðishreppi. Í breytingunni felst að afmörkun byggingarreits B2 minnkar og skilgreind er lóð utan um byggingarreitinn. Fyrir liggur umsókn eigenda Króks um stofnun lóðarinnar úr jörðinni þar sem gert er ráð fyrir að hún fái staðfangið Krókur III.

   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi telur sveitarstjórn ekki þörf á grenndarkynningu.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   b) **Miklaholtshellir L166267; Hellisbrún; Hellislundur (áður Miklaholtshellir lóð) L221775 og Hellistún (áður Miklaholtshellir líð) L189762; Stofnun lóðar og afmörkun lóða – 1506025**
   Lögð er fram að nýju umsókn byggð á gögnum frá Guðmundi Einarssyni um stofnun einnar lóðar úr landi Miklaholtshellis L166267 ásamt breyttri afmörkun tveggja lóða úr sama landi og breyttu staðfangi. Málið var áður tekið fyrir á 91. fundi skipulagsnefndar þar sem ekki var gerð athugasemd við erindið með fyrirvara um samþykki viðkomandi eigenda og samþykki Vegagerðarinnar fyrir nýrri tengingu. Nú hafa borist uppfærð gögn og fyrir liggur samþykki eigenda fyrir hnitsetningu. Nýja lóðin er 14.996,4 fm og fær staðfangið Hellisbrún. Hellislundur L221775 er í dag skráð 7.440 fm en verður 7.385,2 fm og Miklaholtshellir lóð L189762 er í dag skráð 3.852 fm en verður 3.859,7 fm og fær nú staðfangið Hellistún. Kvöð er um aðkomu að Hellisbrún frá Ölvisholtsvegi (nr. 303) sem er um sama aðkomuveg og liggur fyrir í

samþykktu endurskoðuðu deiliskipulagi Miklaholts 2 m.a. vegna stækkunar alifuglahúss vestan við veg 303.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun og breytta afmörkun lóðanna skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur að nýju umsókn byggð á gögnum frá Guðmundi Einarssyni um stofnun einnar lóðar úr landi Miklaholtshellis L166267 ásamt breyttri afmörkun tveggja lóða úr sama landi og breyttu staðfangi. Málið var áður tekið fyrir á 91. fundi skipulagsnefndar þar sem ekki var gerð athugasemd við erindið með fyrirvara um samþykki viðkomandi eigenda og samþykki Vegagerðarinnar fyrir nýrri tengingu. Nú hafa borist uppfærð gögn og fyrir liggur samþykki eigenda fyrir hnitsetningu. Nýja lóðin er 14.996,4 fm og fær staðfangið Hellisbrún. Hellislundur L221775 er í dag skráð 7.440 fm en verður 7.385,2 fm og Miklaholtshellir lóð L189762 er í dag skráð 3.852 fm en verður 3.859,7 fm og fær nú staðfangið Hellistún. Kvöð er um aðkomu að Hellisbrún frá Ölvisholtsvegi (nr. 303) sem er um sama aðkomuveg og liggur fyrir í samþykktu endurskoðuðu deiliskipulagi Miklaholts 2 m.a. vegna stækkunar alifuglahúss vestan við veg 303.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun og breytta afmörkun lóðanna skv. fyrirliggjandi umsókn og samþykkir erindið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Bitra land L200842; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2302064**
Lögð er fram skipulagslýsing er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Alls er um að ræða um 43 ha lands sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að svæðið verði skilgreint landbúnaðarsvæði og um 5 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er m.a. að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli og auka þannig fjölbreytni í búsetu. Gert er ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir svæðið samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er tiltekið innan skipulagslýsingar með hvaða hætti er nákvæmlega áætlað að nýta viðkomandi landbúnaðarsvæði eða hver áætlaður fjöldi landspildna verði innan svæðisins. Tiltekið er að markmið breytingarinnar sé m.a. að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli og má því ætla að um sé að ræða smábýli á landbúnaðarlandi sbr. kafla 2.4.1. Innan tillögu aðalskipulagsbreytingar skal tilgreina með ítarlegum hætti um áætlaðan íbúafjölda innan svæðisins og fjölda landspildna.*

Fyrir liggur skipulagslýsing er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps. Alls er um að ræða um 43 ha lands sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að svæðið verði skilgreint landbúnaðarsvæði og um 5 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er m.a. að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli og auka þannig fjölbreytni í búsetu. Gert er ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir svæðið samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að landnúmer verði lagfært í gögnum og á það að vera Bitra land L200842. Sveitarstjórn vill undirstrika það sem fram kemur í skipulagslýsingunni að hluti skipulagsvæðis er innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar í gildandi Aðalskipulagi. Sveitarstjórn mun ekki staðfesta

aflétingu á vatnsvernd eða rýmkun á þeim kvöðum sem eru á landinu nema að undangenginni frekari skoðun og áliti varðandi vatnsvernd svæðisins. Skoða þarf hvort samningur sé um skógrækt á svæðinu. Ekki er tiltekið innan skipulagslýsingar með hvaða hætti er nákvæmlega áætlað að nýta viðkomandi landbúnaðarsvæði eða hver áætlaður fjöldi landspildna verði innan svæðisins. Tiltekið er að markmið breytingarinnar sé m.a. að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli og má því ætla að um sé að ræða smábýli á landbúnaðarlandi sbr. kafla 2.4.1. Sveitarstjórn bendir að innan tillögu aðalskipulagsbreytingar skal tilgreina með ítarlegum hætti um áætlaðan íbúafjölda innan svæðisins og fjölda landspildna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 257, dags. 22.03.2023**

a) **Syðri-Gegnishólar L165499; Deiliskipulag – 2109091**

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi að Syðri-Gegnishólum í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í skipulaginu felst að heimilt verði að byggja tvö allt að 300 fm íbúðarhús og bílskúr, sambyggt eða aðskilið. Undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægðar frá vegi liggur fyrir. Umsagnir bárust á auglýsingartíma deiliskipulagsins sem eru lagðar fram ásamt uppfærðum gögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi að Syðri-Gegnishólum í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í skipulaginu felst að heimilt verði að byggja tvö allt að 300 fm íbúðarhús og bílskúr, sambyggt eða aðskilið. Undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægðar frá vegi liggur fyrir. Umsagnir bárust á auglýsingartíma deiliskipulagsins sem eru lagðar fram ásamt uppfærðum gögnum.

Á uppdrætti er veghelgunarsvæði sýnt sem 30 metrar frá miðlínu en það þarf einungis að vera 15 metrar frá miðlínu þar sem um héraðsveg er að ræða. Sveitarstjórn Flóahrepps telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) **Skálmholt; Huldu- og Maríuhólar; Íbúðabyggð; Deiliskipulag – 2211052**

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Skálmholts eftir kynningu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni 8.751 fm til 16.428 fm. Auk þess eru á svæðinu fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir. Heildarfjöldi íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús, útihús og geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05. Umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og fornleifaskráningu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Skálmholts eftir kynningu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 43 nýjum íbúðarhúsalóðum að stærðinni

8.751 fm til 16.428 fm. Auk þess eru á svæðinu fjórar 15.000 fm frístundalóðir sem breytast í íbúðarlóðir. Heildarfjöldi íbúðalóða á svæðinu verður því 47. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús, útihús og geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05. Umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og fornleifaskráningu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum Vegagerðarinnar með fullnægjandi hætti innan tillögunnar auk þess sem fornleifar hafa verið skráðar innan svæðisins og þær færðar inn á tillöguna í samræmi við umsögn Minjastofnunar. Sveitarstjórn mælist til þess að tillagan verði sérstaklega kynnt landeigendum aðliggjandi jarða og lóða. Leitað verði umsagna viðeigandi stofnanna á nýjan leik við auglýsingu skipulagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) **Arnarstaðakot L166219; Íbúðabyggð; Deiliskipulag – 2201058**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðarkots eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús, sem (sbr. aðalskipulag) getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðaþjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem er í vinnslu og tekur til skilgreiningu nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Samhliða er lögð fram fornleifaskráning sem unnin var vegna skipulagstillögunnar.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og með skráningu fornleifa innan svæðisins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðarkots eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús, sem (sbr. aðalskipulag) getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðaþjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem var staðfest af Skipulagsstofnun 17.02.2023 varðandi skilgreiningu nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Samhliða er lögð fram fornleifaskráning sem unnin var vegna skipulagstillögunnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og með skráningu fornleifa innan svæðisins . Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Skógsnes 2 L229833 og Lauftún L230556; Færsla byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting – 2303023**
Lögð er fram umsókn frá Helgu Gísladóttur er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Skógsness 2 og Lauftúns. Í breytingunni felst tilfærsla byggingarreita innan lóðar og aðlögun á heimkeyrslu í takt við nýjar staðsetningar byggingarreita.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

Fyrir liggur umsókn frá Helgu Gísladóttur er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi Skógsness 2 og Lauftúns. Í breytingunni felst tilfærsla byggingarreita innan lóðar og aðlögun á heimkeyrslu í takt við nýjar staðsetningar byggingarreita.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Heiðargerði iðnaðarsvæði; Vegg- og mænishæð; Breyttir skilmálar: Deiliskipulagsbreyting – 2303031**
Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis að Heiðargerði. Í breytingunni felst að heimiluð mænishæð innan svæðisins er aukin úr 7.5 metrum í 10.2 metra frá núverandi deiliskipulagsskilmálum og felld er út krafa er varðar hámarksvegghæð.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi jarða.*

Fyrir liggur tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis að Heiðargerði. Í breytingunni felst að heimiluð mænishæð innan svæðisins er aukin úr 7.5 metrum í 10.2 metra frá núverandi deiliskipulagsskilmálum og felld er út krafa er varðar hámarksvegghæð.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi jarða.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Eystri-Loftsstaðir 11 L227156; Íbúðar- og útihús; Deiliskipulag – 2210086**
Lögð er fram umsókn frá Svanbjörgu Vilbergsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Eystri-Loftsstaða 11. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss og útihúss.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur umsókn frá Svanbjörgu Vilbergsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Eystri-Loftsstaða 11. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss og útihúss.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) **Skyggnir L197781; Fjölgun byggingarreita og aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2207005**

Lögð er fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Skyggnis L197781 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarksbyggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.910 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Skyggnis L197781 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarksbyggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.910 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu og að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum

h) **Vatnsholt 2 L166398; Tjaldstæði; Deiliskipulag – 2106162**

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gert grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu. Athugasemdir og umsagnir bárust vegna málsins á fyrri stigum og lögð er fram uppfærð tillaga þar sem skilgreint tjaldsvæði hefur verið fært frá sameiginlegum jarðarmörkum og ný aðkoma að svæðinu er skilgreind með það að markmiði að minnka umferð um bæjarhlaðið að Vatnsholti 1.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gerð grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu. Athugasemdir og umsagnir bárust vegna málsins á fyrri stigum og lögð er fram

uppfærð tillaga þar sem skilgreint tjaldsvæði hefur verið fært frá sameiginlegum jarðarmörkum og ný aðkoma að svæðinu er skilgreind með það að markmiði að minnka umferð um bæjarhlaðið að Vatnsholti 1.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að brugðist hafi verið við athugasemdum sem bárust á fyrri stigum málsins og leggur áherslu á tryggt sé að öll umferð vegna verslunar og þjónustu í Vatnsholti 2 verði beint um nýjan aðkomuveg að svæðinu svo sem með því að girða af svæðið og loka fyrir hringakstur. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Elín Höskuldsdóttir greiðir atkvæði gegn bókun og telur að ekki hafi verið brugðist við athugasemdum landeigenda frá 25.09.2022

3. **Afgreiðslufundir byggingafulltrúa nr. 181, dags. 15.03.2023**

   Lagt fram til kynningar.

4. **Traustholtshólmi L165505; Álfabrekka; Stofnun lóðar – 2301084**

   Á 277. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var afgreiðslu á umsókn um stofnun lóðar úr landi Traustholtshólma frestað. Umsókn er nú lögð fram að nýju til afgreiðslu sveitarstjórnar. Um er að ræða 7.865 fm lóð sem fær staðfangið Álfabrekka skv. framlagðri umsókn og lóðarblaði.
   Sveitarstjórn Flóahrepp samþykkir fyrirliggjandi umsókn um stofnun lóðar úr landi Traustholtshólma.

   Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Starf skólastjóra Flóaskóla**

   Fyrir liggur uppsögn núverandi skólastjóra Flóaskóla dags. 15.03.2023. Uppsagnarfrestur er þrír mánuðir og tekur uppsögn gildi um mánaðarmótin mars-apríl.
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að auglýsa starf skólastjóra Flóaskóla laust til umsókna. Fyrir liggja tilboð frá fjórum aðilum í ráðningarferlið og er sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Hagvang vegna auglýsingar og ráðningar í starfið. Fræðslunefnd og sveitarstjórn koma að mótun auglýsingar vegna starfsins.

   Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Erindisbréf vinnuhóps Flóaskóla**

   Fyrir liggur erindisbréf fyrir vinnuhóp vegna uppbyggingar á skólalóð og við húsnæði Flóaskóla.
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi erindisbréf og að vinnuhópur skili af sér eigi síðar en 4. október 2023. Sveitarstjóra falið að senda það á fulltrúa í vinnuhópnum.

   Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. **Erindi frá Hreggviði Hermannssyni**

   Fyrir liggur erindi frá Hreggviði Hermannssyni er varðar bókun frá 255. fundi skipulagsnefndar dags. 22.02.2023 ásamt bókun sveitarstjórnar frá 277. fundi dags. 07.03.2023. Gerð er athugasemd við að skipulagsnefnd hvetji sveitarstjórn til að samþykkja deiliskipulagsbreytingu til kynningar vegna Fossmýri L224005 og sömuleiðis að sveitarstjórn samþykki umrædda deiliskipulagsbreytingu.
   Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og samþykkir að taka umsókn um deiliskipulag fyrir að nýju vegna Fossmýri L224005 undir sér lið í fundargerð þar sem ljóst er að um mistök í bókun er að ræða hjá skipulagsnefnd og sveitarstjórn Flóahrepps.
   Varðandi aðrar athugasemdir svo sem vegna skilgreiningar á landnotkun og verndarsvæðum í gildandi Aðalskipulagi Flóahrepps ásamt athugasemdum um aðkeyrslu að umræddu landi er aðila máls bent á að koma athugasemdum til Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. á auglýsingartíma deiliskipulagstillögu. Grenndarkynningargögn, afgreiðslubréf og önnur sértæk bréf sem beint er sérstaklega til ákveðins/ákveðinna aðila birtist á pósthólfi viðkomandi á island.is og fer sú birting skv. lögum nr. 105/2021.

   Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. **Fossmýri L224005; Smábýlabyggð; Deiliskipulag – 2302024**
Á 277. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var tekin fyrir bókun skipulagsnefndar frá 22.02.2023. Ljóst er að ekki var til deiliskipulag fyrir Fossmýri L224005 og því mistök í bókun skipulagsnefndar frá 22.02.2023 og í bókun sveitarstjórnar frá 07.03.2023. Ekki er um að ræða deiliskipulagsbreytingu heldur umsókn um deiliskipulag til kynningar og umsagna fyrir landið og er málið því lagt fram að nýju.
Sveitarstjórn Flóahrepps leiðréttir hér með bókun sína frá 277. fundi dags. 07.03.2023 vegna umsóknar um deiliskipulag á landinu Fossmýri L224005. Sveitarstjórn samþykkir framlagða umsókn um deiliskipulag á landinu Fossmýri L224005 til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að kynna þurfi tillöguna sérstaklega fyrir landeigendum sameiginlegs aðkomuvegar að landinu þar sem uppskipting landsins og skilgreining byggingarheimila innan þess mun hafa nokkur áhrif á umferð innan svæðisins. Sveitarstjórn bendir á að huga þar sérstaklega að mögulegri flóðahættu á svæðinu og að leita umsagnar viðeigandi aðila varðandi þann þátt líkt og kemur fram í kafla 2.9 um náttúruvá í greinargerð með gildandi Aðalskipulagi Flóahrepps.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. **Samþykktir fyrir byggðasamlagið Bergrisann bs. – seinni umræða**
Fyrir liggja samþykktir fyrir byggðasamlagið Bergrisann bs. til seinni umræðu í sveitarstjórn. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar samþykktir fyrri byggðasamlagið Bergrisann bs. í síðari umræðu í sveitarstjórn.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. **Umagnarbeiðni – Rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokk II – D Gistiskáli**
Fyrir liggur umsagnarbeiðni vegna umsóknar frá Hótel Vatnsholti ehf. kt. 630493-2349 um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokk II gistiskáli að Skálarima fnr. 231-6679.
Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II (D) gistiskáli að Skálarima fnr. 231-6679.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. **Fundargerðir:**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 277, dags. 07.03.2023
   Sveitarstjórn samþykkir að fundarstaður verði lagfærður.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   b) Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 2, dags. 30.11.2022
   Gerð er athugasemd við lið 1 varðandi samþykkt nefndarinnar varðandi starfsmannahald félagsmiðstöðvar. Sveitarstjóra falið að ræða við formann nefndar varðandi málið.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   c) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 12, dags. 16.03.2023
   Varðandi lið 2 í fundargerð þá staðfestir sveitarstjórn bókun framkvæmda- og veitunefndar um að ekki sé hægt að verða við beiðni um vatnsnotkun af neysluvatni upp á 6 l/sek á vegum Flóahrepps til að keyra vatnskældan eimsvala fyrir Orkugerðina ehf.
   Samþykkt með 5atkvæðum.
   Varðandi lið 3 í fundargerð er sveitarstjóra falið að leita tilboða í yfirlagningu á planið og hvort möguleiki sé á styrkjum til verksins.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   d) Fræðslunefndar nr. 141, dags. 21.03.2023
   Varðandi Skólapúls og niðurstöður nemenda- og foreldrakönnunar þá óskar sveitarstjórn eftir kynningu frá skólastjóra á niðurstöðum. Sveitarstjóra falið að finna tíma í samráði við skólastjóra.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   Varðandi sumarlokun leikskóla 2023 undir sameiginlegum málum í fundargerð þá staðfestir sveitarstjórn að sumarlokun leikskóla verði í 5 vikur frá 06.07.2023-10.08.2023. Sveitarstjórn leggur áherslu á að ákvörðun og niðurstaða úr könnun til foreldra verði kynnt sem allra fyrst. Æskilegt hefði verið að þessi breyting á skóladagatali yfirstandandi skólaárs hefði átt sér stað með meiri fyrirvara.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi umræðu um nýtingu á leikskólaplássum undir málefnum Krakkaborgar þá óskar sveitarstjórn eftir upplýsingum frá leikskólastjóra um mögulegan hámarksfjölda nemenda út frá mönnun leikskólans í dag og hugmyndum um nánari útfærslu á betri nýtingu á leikskólaplássum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi viðbragðsáætlun vegna veðurs þá staðfestir sveitarstjórn fyrirliggjandi viðbragðsáætlun og beinir því til leikskólastjóra hvort möguleiki sé á að bæta við sms tilkynningum til foreldra.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi breytingar á dvalarsamningi þá staðfestir sveitarstjórn breytingar á dvalarsamningi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Sveitarstjórn bendir fræðslunefnd á að setja töluliði á mál í fundargerð til að auðvelda tilvísanir.

e) Landbúnaðar og atvinnumálanefndar nr. 3, dags. 16.11.2022 og nr. 4. dags. 22.03.2023

Varðandi lið 4 í fundargerð nr. 3 þá og lið 1 í fundargerð nr. 4 þá felur sveitarstjórn landbúnaðar- og atvinnumálanefnd að vinna drög að samþykktum um búfjárhald í sveitarfélaginu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 4 í fundargerð nr. 3 varðandi styrkjamöguleika í girðingarmálum þá er sveitarstjóra falið að taka saman upplýsingar um styrkjamöguleika í girðingarmálum og birta á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 2 í fundargerð nr. 4 þá þakkar sveitarstjórn fyrir góðar tillögur varðandi meðhöndlun á dýrahræjum. Mikilvægt er að sveitarfélagið marki sér stefnu í þessum úrgangsflokki líkt og öðrum í anda „borgað þegar hent er" og nýrra laga um meðhöndlun úrgangs. Aukalega við tillögur landbúnaðar- og atvinnumálanefndar þá óskar sveitarstjórn eftir tillögum frá umhverfis- og samgöngunefnd varðandi fyrirkomulag á söfnun og meðhöndlun á dýrahræjum í sveitarfélaginu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 4, dags. 16.12.2022, nr. 5, dags. 14.02.2023 og nr. 6, dags. 14.03.2023

g) Stjórnar SASS nr. 592, dags. 03.02.2023 og nr. 593. dags. 03.03.2023

h) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 225, dags. 03.03.2023

i) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 07.03.2023

j) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 07.03.2023

k) Stjórnar Fræðslunetsins nr. 155, dags. 07.03.2023

l) Seyrustjórnar nr. 8, dags. 07.03.2023

Varðandi lið 2 í fundargerð um minnisblað frá LEX um rekstrarform seyruverkefnisins þá mælist sveitarstjórn Flóahrepps til þess að fenginn verði óháður aðili til að draga betur fram kosti og galla ólíkra rekstrarforma.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

m) Faghóps sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál dags. 13.03.2023

n) Stjórnar Listasafns Árnesinga dags. 17.03.2023

o) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 920, dags. 17.03.2023

**12. Efni til kynningar**

a) Frá nefndasviði Alþingis:

   a. Til umsagnar 782. mál: Frumvarp til laga um breytingu um lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningarseturs, þjónustustöðvar).

   b. Til umsagnar 165. mál: Frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr, 53/1972, með síðari breytingum.

   c. Til umsagnar 795. mál: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026.

d. Til umsagnar 126. mál: Tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.
e. Til umsagnar 128. mál: Frumvarp til laga um grunnskóla (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla).

b) Frá Innviðaráðuneyti: Gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kynntar í samráðsgátt.
c) Frá Innviðaráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Hvatning vegna tillagna um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.
d) Loftslagsstefnur sveitarfélaga á Suðurlandi – Handleiðsla SASS
Sveitarstjórn óskar eftir fulltrúa frá umhverfis- og samgöngunefnd sveitarfélagsins til að taka þátt í vinnu við gerð loftslagsstefnu sveitarfélagsins undir handleiðslu SASS.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
e) Boð um fund með fulltrúa forsætisráðuneytis 22.05.2023
Sveitarstjórn samþykkir að senda boð á fulltrúa í afréttarmálafélaginu um þátttöku í fundi.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
f) Sveitarfélag ársins – boð um þátttöku í könnun
Sveitarstjórn afþakkar boð um þátttöku í könnun þetta árið.
Samþykkt með 5 atkvæðum
g) Vorfundur Landsnets dags. 24.03.2023
h) Ásgrímsleiðin – boðsferð dags. 01.04.2023
Sveitarstjóri og fulltrúi frá íþrótta- æskulýðs og menningarnefnd eru skráðir í boðsferðina.
i) Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 31.03.2023
Sveitarstjóri er sjálfkrafa handhafi atkvæðisréttar sveitarfélagsins á fundinum og mun sækja fundinn.
j) Íslensku menntaverðlaunin 2023: tilnefningar óskast
k) Ráðstefna Nordic Network on Disability Research 10.-12. maí 2023
l) Árshátíð Flóahrepps 2023
Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 ákvað sveitarstjórn að gera ráð fyrir að halda árshátíð fyrir starfsmenn sveitarfélagsins. Ákveðið hefur verið að halda árshátíð miðvikudagskvöldið 19. apríl í Félagslundi og munu starfsmenn fá boðsbréf í vikunni.
m) Endurmenntunardagur starfsfólks skrifstofu Flóahrepps
Sveitarstjóri leggur til að skrifstofa Flóahrepps verði lokuð föstudaginn 21. apríl vegna endurmenntunardags starfsfólks. Fyrirhugað er að fara í heimsóknir í nágrannasveitarfélög og kynna sér starfsemi þeirra.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
n) Næsti fundur sveitarstjórnar.
Vegna páska og fyrri umræðu ársreiknings Flóahrepps er lagt til að hefðbundinn fundur sveitarstjórnar þann 4. apríl verði felldur niður og að aukafundur verði haldinn þess í stað þriðjudaginn 18. apríl kl. 9:00 í Þingborg.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Elín Höskuldsdóttir (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

**Fundargerð nr. 13**
**Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps**

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Þingborg fundarsalur |
| **Fundardagur:** | Fimmtudagur 13. apríl 2023 |
| **Fundartími:** | 13:00-14:00 |
| **Fundarmenn:** | Haraldur Einarsson, formaður nefndar í fjarfundi<br>Heimir Rafn Bjarkason<br>Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri<br>Börkur Brynjarsson, verktaki og ráðgjafi<br>Hjalti Guðmundsson, fjarverandi |

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

1. **Ný vatnslögn frá Neistastöðum að stofnlögn við Skeiðaveg:**
   a. **Samráð við landeigendur**
   Sveitarstjóri hefur sent kynningu á verkinu á alla landeigendur og Börkur og Hulda hafa átt samtöl í tölvupóstum og símtölum við alla landeigendur.
   Börkur og Hulda hitta landeigendur þriggja landa af fimm í dag, 13.04.2023 og skoða aðstæður með landeigendum og fara yfir málin. Samtal verður klárað við aðra landeigendur á næstu dögum.
   b. **Samráð við aðra aðila**
   MAST hefur fengið upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og gerir ekki athugasemdir.
   Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur fengið upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og hefur staðfest móttöku á tilkynningu um framkvæmdina. Farið er fram á að unnið sé eftir verklagsreglum og almennum umgengnisreglum sem setja skal fram í innra eftirliti og verklagsreglum sem vatnsveitan setur. Skipulagi á innra eftirliti og handbók Vatnsveitu verður skilað til HSL 1. maí 2023.
   Vegagerðin hefur fengið upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd. Beðið er eftir staðfestingu.
   c. **Hönnun, kostnaðarmat og gerð útboðsgagna**
   Börkur hefur tök á að sjá um hönnun, kostnaðarmat og gerð útboðsgagna. Nefndin gerir ekki athugasemd við að samið verði við Börk. Áætluð upphæð verksamnings vegna hönnunar er undir viðmiðunarfjárhæðum í reglugerð 340/2017 með síðari breytingum. Endanlegri ákvörðun um verksamning er vísað til staðfestingar sveitarstjórnar.
   d. **Framkvæmdaleyfi**
   Eftir að samráði við landeigendur og aðra aðila er lokið og hönnun og lega lagnar verður komin á blað verður sótt um skriflegt framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem skipulagsnefnd UTU tekur fyrir.
   e. **Tímarammi**
   Stefnt á að útboð fari fram um miðjan maí
   f. **Eftirlit með framkvæmd**
   Nefndin metur svo að Börkur geti séð um gæðaeftirlit með framkvæmd á framkvæmdatíma og samskipti við verktaka.

2. **Drög að erindisbréfi framkvæmda- og veitunefndar**
   Fyrir liggja drög að erindisbréfi fyrir nefndina. Gerð er tillaga um að nefndin fari með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og Flóaljóss og hafi vald til fullnaðarafgreiðslu mála er snúa beint að framkvæmdum í veitumálum sem rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar og er í samræmi

við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélagsins. Afgreiðslu erindisbréf frestað til næsta fundar.

3. **Önnur mál**
   Rætt um stofn- og heimæðargjöld Vatnsveitu. Sveitarstjóri tekur saman minnisblað um tilhögun innheimtu vegna tengigjalda Vatnsveitu Flóahrepps.

4. **Næsti fundur nefndar:**
   Næsti fundur nefndar verður fimmtudaginn 11. maí kl. 13:00 í Þingborg.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00*

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**226. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn fimmtudaginn 30. mars 2023 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Bragi Bjarnason, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson í fjarfundabúnaði, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Fjóla St. Kristinsdóttir boðaði forföll og mætti Bragi Bjarnason í hennar stað.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## 1. Starfsleyfi, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

### a) Starfsleyfi

***Málum lokið:***

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2303011HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Stekkjaskóli - Sveitarfélagið Árborg | 800 | 03.03.2023 |
| 2302075HS | Starfsleyfi eigendaskipti | BG Mos ehf. | 851 | 27.02.2023 |

***Í vinnslu:***

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2303129HS | Starfsleyfi - breyting á húsnæði/fjölgun gistirýma | Hekluhestar ehf. Austvaðsholti | 851 | 30.03.2023 |
| 2303130HS | Starfsleyfi endurnýjun | Kaffivagn - Skool Beans ehf. | 870 | 30.03.2023 |
| 2303131HS | Starfsleyfi endurnýjun | Litla-Kaffistofan - Olís ehf. | 816 | 30.03.2023 |
| 2303133HS | Starfsleyfi endurnýjun | Kiwanisklúbburinn Ölver | 815 | 30.03.2023 |
| 2303134HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Ingþór Zophoníasson | 825 | 30.03.2023 |
| 2303103HS | Starfsleyfi - Nýtt | Gisting - BRATTAHLID ICELAND ADVENTUR ehf | 860 | 27.03.2023 |
| 2303107HS | Starfsleyfi - nýtt | Réttarholt A - Traðarland ehf. | 804 | 27.03.2023 |
| 2303109HS | Starfsleyfi - nýtt | Gistiþjónusta - Sigurjóna Matthíasdóttir | 881 | 27.03.2023 |
| 2303100HS | Starfsleyfi endurnýjun | Vélaverkstæði Þóris ehf | 800 | 24.03.2023 |
| 2303101HS | Starfsleyfi - Breyting á húsnæði | Sjúkraþjálfun Selfoss ehf. | 800 | 24.03.2023 |
| 2303094HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Hálendismiðstöðin Hrauneyjar - Hálendið ehf. | 851 | 23.03.2023 |
| 2303081HS | Starfsleyfi endurnýjun | Ísey Skyr Bar ehf. | 800 | 22.03.2023 |
| 2303083HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Þórdís Bjarnadóttir | 800 | 22.03.2023 |
| 2303084HS | Starfsleyfi endurnýjun | Gisting - Skálarimi - Jóhann Helgi & Co. ehf. | 803 | 22.03.2023 |
| 2303073HS | Starfsleyfi endurnýjun | Árborg v/Leikskólinn Brimver,Eyraba | 820 | 21.03.2023 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2303078HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Hellirinn ehf. | 851 | 21.03.2023 |
| 2303079HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Hótel Háland - Hálendið ehf. | 851 | 21.03.2023 |
| 2303080HS | Starfsleyfi, br.flutningur | Snyrtistofa Maju Vestm - María Erna Jóhannesdóttir | 900 | 21.03.2023 |
| 2303072HS | Starfsleyfi endurnýjun | Mathöll Selfossi - Samúelsson - ÁB veitingar ehf. | 800 | 20.03.2023 |
| 2303047HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Fífa - Gisting - Rist ehf. | 804 | 16.03.2023 |
| 2303048HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Miðmundarholt 2 - Margrétarhof hf. | 851 | 16.03.2023 |
| 2303054HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Miðmundarholt 5 - Margrétarhof hf. | 851 | 16.03.2023 |
| 2303039HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Groovís - ÁB veitingar ehf. | 800 | 15.03.2023 |
| 2303040HS | Starfsleyfi endurnýjun v. breytinga á heimilisfangi | Risið - Mathöll Selfossi - Friðriksgáfa - E&S ehf. | 800 | 15.03.2023 |
| 2303042HS | Starfsleyfi breyting á starfsermi | Sumarhús Snæbýli I - Sigurður Árnason | 881 | 15.03.2023 |
| 2303043HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Selfell Guesthouse - Rúnar Þór Snorrason | Kir | 15.03.2023 |
| 2303018HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Gisting - Vorsabær 1A - Hrafnagaldur ehf. | 804 | 06.03.2023 |
| 2303010HS | Starfsleyfi nýtt | Efnistaka Seyðishólum - Suðurtak ehf. | 805 | 03.03.2023 |
| 2303003HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Jóhönnu hús - TLB ehf. | 851 | 01.03.2023 |
| 2303005HS | Starfsleyfi - fjölgun húsnæða | Áshamrar sf. | 851 | 01.03.2023 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

***Í auglýsingu:***

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Að öðrum kosti verður ákvörðun tekin á næsta fundi nefndarinnar.

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar**

- Olís ehf., kt. 5002693249, Skútuvogi 5, 104 Reykjavík, vegna sjálfsafgreiðslustöðvar ÓB við Litlu kaffistofuna við Suðurlandsveg í Svínahrauni, 816 Ölfus. Sjá slóð hér.
    - **Frestur til að gera athugasemdir er til 27. apríl 2023**
- Vélaverkstæði Þóris ehf., kt. 5812982779, Austurvegi 69, 800 Selfoss, vegna vélaverkstæðis að Austurvegi 69, 800 Selfoss. Sjá slóð hér.
    - **Frestur til að gera athugasemdir er til 25. apríl 2023**
- Vallarstál ehf., kt. 601222390, Njálsgerði 6, 860 Hvolsvöllur, vegna stálsmiðju og vélaverkstæðis að Dufþaksbraut 7, 860 Hvolsvöllur. Sjá slóð hér.
    - **Frestur til að gera athugasemdir er til 20. apríl 2023**
- Suðurtak ehf., kt. 5611090790, Brjánsstöðum, 805 Selfoss, vegna vinnslu allt að 33.000 m3 efnis árlega til ársins 2038, samtals 500.000 m3, á efnistökusvæði E24 í Seyðishólum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sjá slóð hér.

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

- **Frestur til að gera athugasemdir er til 12. apríl 2023**

## b) Skráning starfsemi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2303046HS | Skráning, tímabundin - niðurrif á þróm | Vinnslustöðin hf - fiskvinnsla | 900 | 15.3.2023 |

Staðfesting skráningar á ofangreindum umsóknum

## c) Afturköllun/höfnun starfsleyfa:

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2303041HS | Starfsleyfi höfnun vegna skipulags | Bjarni Alexius Ásgeirsson | 805 | 15.3.2023 |
| 2302078HS | Starfsleyfi höfnun vegna skipulags | Sara Kristjánsdóttir | 800 | 27.2.2023 |

Til kynningar/staðfestingar

## d) Umsagnir til sýslumanna

### Vegna veitinga- og gistileyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2303092HS | Rekstrarleyfi, eigendaskipti | Hálendismiðstöðin - Hrauneyjar Hálendið ehf | 851 | 23.03.2023 |
| 2303091HS | Rekstrarleyfi, eigendaskipti | Glacier View Guesthouse, Hrífunesi - Tréæð ehf | 881 | 23.03.2023 |
| 2303090HS | Rekstrarleyfi, eigendaskipti | Hótel Háland - Hálendið ehf. | 851 | 23.03.2023 |
| 2303089HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Sibbu Hús slf - Þórdís Bjarnadóttir | 804 | 23.03.2023 |
| 2303088HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Gisting - Skálarimi - Jóhann Helgi & Co. ehf. | 803 | 23.03.2023 |
| 2303086HS | Rekstrarleyfi endurnýjun | Sumarhús - Ketilhúshagi 33, 851 Hellu - Ketilhúshagi ehf. | 851 | 22.03.2023 |
| 2303082HS | Rekstrarleyfi nýtt | Hekluhestar ehf. Austvaðsholti | 851 | 22.03.2023 |
| 2303064HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Miðmundarholt 5 - Margrétarhof hf. | 851 | 20.03.2023 |
| 2303058HS | Rekstrarleyfi - nýtt | Fell - Platina fasteignir ehf. | 806 | 20.03.2023 |
| 2303045HS | Rekstrarleyfi - nýtt | Selfell Guesthouse - Rúnar Þór Snorrason | 881 | 15.03.2023 |
| 2303044HS | Rekstrarleyfi - br. á starfsemi | Sumarhús Snæbýli I - Sigurður Árnason | 881 | 15.03.2023 |
| 2303021HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Fífa - Gisting - Rist ehf. | 804 | 07.03.2023 |
| 2303019HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Gisting - Vorsabær 1A - Hrafnagaldur ehf. | 804 | 06.03.2023 |
| 2303017HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Jóhönnu hús -TLB ehf. | 851 | 06.03.2023 |
| 2303002HS | Rekstrarleyfi - Nýtt | Miðmundarholt 2 - Margrétarhof hf. | 851 | 01.03.2023 |
| 2302077HS | Rekstrarleyfi endurnýjun | Leirubakki, Embla - ferðaþjónusta ehf - með einkavatnsból | 851 | 27.02.2023 |
| 2302076HS | Rekstrarleyfi eigendaskipti | Langahlíð guesthouse - BG Mos ehf. | 851 | 27.02.2023 |
| 2302024HS | Rekstrarleyfi nýtt | Gisting Butra - Ágúst Jensson | 861 | 09.02.2023 |

Lagt fram til kynningar/staðfestingar

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

## Umsagnir til sýslumanna vegna tækifærisleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
   Ása Valdís Árnadóttir formaður Samtaka orkusveitarfélaga og oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, Jónína Brynjólfsdóttir forseti sveitarstjórnar Múlaþings og Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri Skeiða- og Ghnúpverjahrepps mættu á fundinn undir þessum lið fyrir hönd Samtaka Orkusveitarfélaga, sbr. bókun stjórnar sambandsins 28. febrúar 2023. Gerðu þau grein fyrir verkefni sveitarfélaga sem og fréttatilkynningu sem send var til allra sveitarfélaga á landsbyggðinni um orkumannvirki. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða.

   *Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er áhersla lögð á mikilvægi sjálfstæðra tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir, hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns.*
   *Ljóst er að málflutningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.*

Ása Valdís Árnadóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Haraldur Þór Jónsson fóru af fundi kl. 12:45.

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir mannauðsstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla Hafnarfjarðarbæjar og Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins komu inn á fundinn kl. 12:45.

2. **Breytingar í rekstri leikskóla Hafnarfjarðarbæjar - kynning - 2301050SA**

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir kynntu breytt vinnufyrirkomulag leikskóla sveitarfélagsins. Það fyrirkomulag sem tekið hefur verið upp við skipulag leikskólastarfs hefur vakið fjölmargar spurningar sem snúa ekki síst að því hvort fyrirkomulagið feli í sér umtalsverð frávik frá kjarasamningum sem sambandið hefur gert við starfsstéttir sem starfa á leikskólum. Svöruðu gestirnir greiðlega spurningum stjórnarmanna um þessi atriði.

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir fóru út af fundi kl. 13:55.

Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur á kjarasviði sambandsins og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins komu inn á fundinn kl. 14:00.

3. **Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 35. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 9. mars 2023.

4. **Staða kjaramála - 2301032SA**

Helgi Aðalsteinsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í mars 2023.

Bjarni Ómar Haraldsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Helgi Aðalsteinsson fóru af fundi kl. 14:25.

5. **Fundargerðir 919. og 920. funda - 2301014SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 919. og 920. fundar stjórnar sambandsins frá 28. febrúar og 17. mars 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

6. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lagðar fram fundargerðir 83. og 84. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 6. og 20. mars 2023.

*Samþykkt var svohljóðandi bókun vegna 2. liðar í fundargerð 83. fundar frá 6, mars sl. og 4. liðar 84. fundargerðar frá 20. mars:*

*Stjórnin fagnar því að félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp um starfsaðstæður við sorphirðu. Stjórnin leggur áherslu á að í vinnu starfshópsins verði lögð áhersla á að lög og reglugerðir verði samræmdar í þeim tilgangi að stuðla að skilvirku og hagkvæmu fyrirkomulagi við söfnun og meðhöndlun úrgangs, ásamt því að vinnuverndarsjónarmið verði í forgrunni. Fyrir liggur að töluvert misræmi er milli ákvæða laga um meðhöndlun úrgangs og skipulags- og byggingarreglugerðar. Því þyrfti að bæta því við sem verkefni nefndarinnar að leggja til breytingar á lögum til þess að samræma hugtakanotkun og skilyrða milli þessara laga- og reglugerðabálka. Er það nauðsynlegt svo unnt sé að bæta aðstæður starfsfólks sem sinnir hirðu úrgangs með raunverulegum hætti.*

*Einnig var samþykkt svohljóðandi bókun vegna 6. liðar í 83. fundargerð:*

*Stjórnin lýsir ánægju með greinargerð um meðhöndlun dýraleifa sem unnin var að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Stjórnin telur mikilvægt að sú greining og sýn á viðfangsefnið sem þar kemur fram fái vandaða rýni og kynningu af hálfu allra sem málið varðar. Stjórnin telur greininguna undirstrika að hér er um að ræða sérhæfðan úrgang sem almennt ætti ekki að vera á ábyrgð sveitarfélaga. Þótt sveitarfélögin geti átt aðkomu að því að finna viðeigandi lausnir beri þeim því engin skylda til að niðurgreiða meðhöndlunarkostnað.*

7. **Jöfnun launa milli markaða - 7. grein - 2009052SA**

Lagt fram áfangasamkomulag, dags. 23. mars 2023, milli fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands hins vegar á grundvelli 7. gr. samkomulags aðila um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá 19. september 2016.

*Stjórnin fagnar þessu áfangasamkomulagi um launaleiðréttingar gagnvart tilteknum hópum starfsmanna hins opinbera enda mikilvægt að stíga skref í átt að jöfnun launa milli markaða.*

8. **Athugasemdir við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár - 2301046SA**

Lagt fram bréf Jóns Guðmanns Péturssonar, Kristínar Magnúsdóttur, Ívars Ingimarssonar og Lilju S. Jónsdóttur, forsvarsmanna umræðuhóps um lausagöngu sauðfjár, dags. 4. mars 2023, þar sem gerð er athugasemd við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár, dags. 17. febrúar 2023.
Einnig lögð fram bókun stjórnar sambandsins sem send var til innanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, matvælaráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands, dags. 6. mars 2023, um samráðshóp um heildarendurskoðun á lögum um fjallskil, afréttarmálefni og tengdri löggjöf.

9. **Fjölgun NPA-samninga - 2303011SA**

Lagt fram að nýju bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um fjölgun NPA samninga á árinu 2023 sem tekið var til umræðu á 920. fundi stjórnar sambandsins þann 17. mars sl. Á þeim fundi óskaði stjórn eftir því að endanlegar tillögur um NPA-samninga yrðu kynntar á næsta stjórnarfundi.
Jafnframt lagt fram bréf félags og vinnumarkaðsráðuneytisins til allra sveitarfélaga, dags. 29. mars 2023, þar sem sveitarfélög eru hvött til að senda inn umsóknir um NPA-samninga. Í bréfinu kemur fram að unnið sé að úrlausn ýmissa álitaefna um NPA, sem komið hafa upp á reynslu- og innleiðingartímabilinu og m.a. er fjallað um í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018. Hluti þeirra álitaefna kallar á breytingar á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018 og verða þær breytingar mótaðar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Einnig var lagt fram til upplýsinga svar félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn á Alþingi um framlag ríkisins til NPA-samninga.

*Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til að bregðast við erindi ráðuneytisins og telur stjórnin sérstaklega mikilvægt að NPA þjónusta verði innleidd í fleiri sveitarfélögum. Stjórnin hvetur jafnframt sveitarstjórnir til að taka þátt í samráði um fyrirhugaðar breytingar á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð.*

10. **Áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2211014SA**

Lögð fram drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, dags. 10. mars 2023, sem er í samráðsgátt stjórnvalda. Einnig lögð fram skýrsla starfshóps um endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er dagsett í mars 2023.

*Stjórnin hvetur sveitarfélög til að taka drögin til umræðu í sveitarstjórn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samráðsgátt.*

11. **Umsögn um áhrifamat vegna breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga - 2211021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 16. mars 2023, um áhrifamat vegna breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Einnig lagt fram endanlegt mat á áhrifum lagasetningar, dags. 10. mars 2023.

12. **Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 2009042SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 28. mars 2023, um 44. þing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 21.-23. mars 2023 í Strassbourg.

13. **Bann á örplastefnum í gervigrasvöllum - 2303007SA**

Lagt fram til kynningar erindi frá Knattspyrnusambandi Íslands um bann á örplastefnum í gervigrasvöllum.

*Stjórnin felur framkvæmdastjóra að fylgjast vel með málinu og upplýsa stjórnina og sveitarfélög um þróun þess.*

14. **Ályktun 77. ársþings KSÍ - 2303028SA**

Lögð fram ályktun sem samþykkt var að 77. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands 25. febrúar 2023 um flóðlýsingu á leikvöllum í efstu deildum.

*Stjórn sambandsins gerir verulegar athugasemdir við að ekki hafi verið haft samráð við sveitarfélögin um þetta mál áður en ályktun þess efnis var samþykkt enda ljóst að sveitarfélögin þurfi að bera kostnað vegna þessara breytinga. Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að funda með fulltrúum KSÍ til að ræða ályktun sambandsins um flóðlýsingu á leikvöllum í efstu deildum.*

15. **Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál - 2009616SA**

Lagt fram samkomulag, dags. 28. mars 2023, um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2024-2028 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

16. **Tilnefning í starfshóp til að greina hvar einstaklingar sem skráðir eru ótilgreint í hús eru búsettir - 2302013SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, þar sem Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, er tilnefnd í starfshóp til að greina hvar einstaklingar sem skráðir eru ótilgreint í hús eru búsettir.

17. **Tilnefning í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina - 2303026SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 23. mars 2023, þar sem Walter Fannar Kristjánsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Flóahreppi, er tilnefndur sem aðalmaður í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina, og Álfhildur Leifsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði, til vara.

18. **Tilnefning í ráðgjafarnefnd rannsóknarstofnunar í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst - 2303029SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Háskólans á Bifröst ses., dags. 22. mars 2023 þar sem Sunna Hlín Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, er tilnefnd sem aðalmaður í ráðgjafarnefnd rannsóknarstofnunar í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst, og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, til vara.

19. **Umsögn um Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál - 2302010SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 27. febrúar 2023, um Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál, mál nr. S-33/2023.

20. **Umsögn um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - gjaldtaka o.fl. - 2303006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 6. mars 2023, um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003, mál nr. S-37/2023.

21. **Umsögn um frumvarp til laga um sóttvarnalög - 2205042SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 2023, um frumvarp til breytinga á sóttvarnalögum, 529. mál.

22. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna - samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur o.fl. - 2303009SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna, mál nr. S-44/2023.

23. **Umsögn um frumvarp um breytingu á fjarskiptalögum nr. 70/2022 (ríkisstyrktir fjarskiptainnviðir) - 2303008SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 70/2022, o.fl. fleiri lögum (ríkisstyrktir

fjarskiptainnviðir, EES-reglur, eftirlit með lénaskráningum og þagnaskylda), mál nr. S-43/2023.

24. **Umsögn um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála - 2303010SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 10. mars 2023, um frumvarp til laga um nýja þjónustustofnun á sviði Menntamála, mál nr. S-38/2023.

25. **Umsögn um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála - 2303021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til , dags. 15. mars 2023, um frumvarp til laga stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála o.fl.), 735. mál.

26. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir - 2303024SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 16. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, 485. mál.

27. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um umönnun og gleymslu líka - 2303023SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 16. mars 2023, um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka, 85. mál.

28. **Meginatriði umsagnar um tillögu að breytingu á fráveitutilskipun - 2212022SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins, dags. 21. mars 2023, um meginatriði umsagnar um tillögu að breytingu á fráveitutilskipun, sem send var til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 14. mars 2023.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar fóru af fundi kl. 15:10.

29. **Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA**

Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi Attentus, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir vinnu við ráðningarferli framkvæmdastjóra.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sendir góðar og hlýjar kveðjur austur á land til sveitarfélaga og íbúa þar, sem hafa ekki farið varhluta af náttúruöflunum og þeirri óvissu sem nú er á Austfjörðum.

Fundi var slitið kl. 15:30.

# 594. fundur stjórnar SASS

## Austurvegi 56 Selfossi

## 24. mars 2023, kl. 12:30 – 16:05

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson og Brynhildur Jónsdóttir. Njáll Ragnarsson tengist fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Einar Freyr Elínarson og Grétar Ingi Erlendsson boðuðu forföll og í þeirra stað koma Jóhannes Gissurarson og Sigurbjörg Jónsdóttir. Undir dagskrárlið tvö taka þátt Sýslumaðurinn á Suðurlandi Kristín Þórðardóttir og Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum Arndís Soffía Sigurðardóttir. Undir dagskrárlið þrjú taka þátt Ása Valdís Árnadóttir formaður Orkusveitarfélaga og oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps og Haraldur Þór Jónsson oddviti og sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Einnig taka þátt Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn og gesti fundarins velkomna.

1. **Fundargerð**

   Fundargerð 593. fundar staðfest og undirrituð. Einnig voru eldri fundargerðir undirritaðar.

2. **Starfsemi sýslumannsembætta á Suðurlandi**

   Kristín Þórðardóttir og Arndís Soffía Sigurðardóttir sýslumenn kynna þróun, starfsemi og skipulag embættanna. Þær fara yfir helstu áskoranir sýslumanna í landshlutanum en auk lögbundinna verkefna sinna embættin einnig ýmsum sérverkefnum á landsvísu en í Vestmannaeyjum er t.d. séð um löggildingu skjalaþýðenda og dómtúlka, auðkennahreinsun og birting úrskurða dómsmálaráðuneytisins, rafræn útgáfa reglugerðasafns, verkefni tengd staðfestingu og stofnunar hjúskapar. Hjá Sýslumanninum á Suðurlandi tengjast sérverkefnin m.a. útgáfa stærri happdrættisleyfa, færslu bókhalds fyrir íslensk sendiráð, útgáfa Lögbirtingablaðsins og útgáfa ýmissa annarra leyfa. Þær kynna einnig stafræna vegferð sýslumanna á landsvísu og breytingar sem eru í farvatninu. Þær svara spurningum og hugleiðingum stjórnarmanna.

3. **Orkusveitarfélög**

   Ása Valdís Árnadóttir og Haraldur Þór Jónsson kynna tilgang samtaka Orkusveitarfélaga, helstu álitamál sem snúa að málefnum þeirra og verkefni sem unnið er að. Orkusveitarfélögin hafa skipað starfsnefnd sem Haraldur Þór fer fyrir. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, nýjum lögum um orkuvinnslu og til að koma á virkara samtali hagaðila í samráði við stjórn samtakanna.

Haraldur Þór kynnir stöðu vinnunnar en gert er ráð fyrir að tillögur hennar liggi fyrir í lok mánaðarins. Ása Valdís og Haraldur Þór svara spurningum og hugleiðingum stjórnarmanna.

Stjórn SASS tekur undir bókun Samtaka orkusveitafélaga um mikilvægi þess að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu skiptist með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf að nærumhverfið, þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti sanngjarns ávinnings. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns. Er það í samræmi við stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026 um styrkingu og breikkun tekjustofna sveitarfélaga svo stuðla megi að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra.

Auk þess áréttar stjórn SASS mikilvægi þessa að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

**4. Sóknaráætlun Suðurlands - Uppbyggingarsjóður Suðurlands fyrri úthlutun 2023.**

Þann 4. mars rann út umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð Suðurlands í fyrri úthlutun 2023. Alls bárust 120 umsóknir, sem eru töluvert fleiri umsóknir en síðustu ár. Umsóknir skiptust þannig; 73 umsóknir í flokk menningarverkefna og 47 umsóknir í flokk atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

Þórður Freyr kynnir vinnu fagráðanna tveggja og forsendur sem liggja til grundvallar tillögum þeirra. Fagráðin gera tillögu að úthlutun alls 38,7 m.kr. til samtals 63 verkefna.

Fagráð menningar gerir tillögu um að veita 50 verkefnum af 73 styrk eða 68%, samtals að fjárhæð 21,4 m.kr. Úthlutun reyndist vandasöm fyrir fagráðið þar sem gæði umsókna voru mikil og mörg verkefnin verðug styrks.

Stjórn samþykkir tillögur fagráðs menningar með einni breytingu en það verkefni hefur hlotið styrk sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands. Stjórn SASS áréttar að ekki verði gerðir nýir samningar nema fyrri verkefnum styrkþega sé lokið.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar gerir tillögu um að veita 13 verkefnum af 47 styrk eða 28%, samtals að fjárhæð 17,3 m.kr. Ekki voru gerðar fleiri tillögur sökum þess að aðrar umsóknir uppfylltu ekki formskilyrði eða var á annan hátt ábótavant. Stjórn SASS hvetur umsækjendur við gerð umsókna að leita sér aðstoðar eða yfirlesturs hjá byggðaþróunarfulltrúum.

Stjórn samþykkir tillögu fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunar óbreytta.

Fyrir næstu úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands verður skerpt á úthlutunarreglum sjóðsins um að umsóknir verði ekki teknar til efnislegrar meðferðar sé fyrri verkefnum ekki lokið, áfangaskýrslu hafi verið skilað eða sótt sé um of háan styrk.

Stjórn SASS þakkar umsækjendum fyrir áhugaverðar og vel unnar umsóknir.

Miðvikudaginn 5. apríl nk. verða niðurstöður styrkúthlutunar birtar á rafrænni úthlutunarhátíð sem hefst kl. 12:15, sjá betur hér.

5. **Önnur mál til kynningar og umræðu**

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 553. fundar stjórnar SSH, fundargerð 50. fundar stjórnar Vestfjarðastofu, fundargerð 786. fundar stjórnar SSS, fundargerð 7. fundar stjórnar SSA, fundargerðir 91. - 92. funda stjórnar SSNV, fundargerðir 173. - 174. funda stjórnar SSV, fundargerðir 48. - 49. funda stjórnar SSNE, fundargerð 87. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins og fundargerðir 919. – 920. funda stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað framundan er en meðal atriða má nefna að: Áfram er unnið að gerð samstarfssamninga um byggðaþróun og atvinnuráðgjöf; Samráðsfundur sambandsins og landshlutasamataka fór fram 10. mars sl.; Námskeið tengt Sveitarfélagaskóla Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldið á Hótel Selfossi 14. mars sl. og gert er ráð fyrir öðru á Suðurlandi 25. apríl nk.; Lokadagur hraðalsins „Sóknarfæri í nýsköpun" var haldinn 16. mars sl. í Garðyrkjuskólanum að Reykjum í Ölfusi að viðstöddum fjölmennum hópi áhugasamra. Þá kynntu átta teymi sunnlenskra frumkvöðla sín verkefni; Þrjú verkefni af Suðurlandi taka þátt í fjárfestahátíðinni Norðanátt á Siglufirði en það eru: Frostþurrkun, Melta og Vínland Vínekran; Magnús Yngvi Jósefsson hefur verið ráðinn í starf verkefnisstjóra hjá Orkídeu; Á næstu vikum verður umhverfisfræðingur SASS, með vinnufundi með fulltrúum sveitarfélaganna til að vinna að gerð loftslagsstefna fyrir sveitarfélögin; Hugrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur, hefur verið ráðinn til Kötluseturs í Vík sem verkefnastjóri fjölmenningar á miðsvæðinu.

c. Hvatning til sveitarstjórna vegna tillagna verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Lagt fram til kynningar bréf frá innviðaráðherra og formanni sambandsins dags. 15. mars sl. en þar eru sveitarstjórnir hvattar til að kynna sér tillögur verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

d. Greinargerð SSV um förgun dýrahræja og sláturúrgangs

Ráðstöfun dýraleifa (eða aukaafurða dýra) hefur lengi verið eitt helsta vandamálið í úrgangsstjórnun á Íslandi, en með dýraleifum er átt við sláturúrgang, dýrahræ og hvers konar úrgang annan sem til fellur vegna meðhöndlunar eða úrvinnslu dýraafurða.

Stefán Gíslason hjá Environice hefur unnið minnisblað fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og er það aðgengilegt hér.

e. Byggðaþróunarfulltrúi

Sveitarfélögin Rangárþing eystra og Rangárþing ytra óska eftir að gerður verði samningur við SASS um verkefni byggðaþróunarfulltrúa í Rangárvallasýslu en sveitarfélögin hafa verið að skoða möguleika á því að ráða sameiginlega fulltrúa sem væri þá í 50% starfshlutfalli í verkefnum fyrir SASS og 50% starfshlutfalli í verkefnum fyrir sveitarfélögin tvö. Starfssvæði byggðaþróunarfulltrúa yrði öll Rangárvallasýsla. Aukin þjónusta sem fengist fyrir mótframlag sveitarfélaganna færi til að sinna öðrum mikilvægum byggðaþróunarverkefnum.

Samstofna erindi liggur fyrir frá oddvitum fjórum í Uppsveitum en sveitarfélögin fjögur hafa um langt árabil átt mikið samstarf á mörgum sviðum. Oddvitarnir óska eftir SASS geri samning við eitt sveitarfélaganna um rekstur á byggðarþóunarfulltrúa en öll fjögur tækju þátt í rekstri hans með 50% mótframlagi. Markmiðið með því að semja við eitt sveitarfélag um þjónustuna er að yfirbygging sé í lágmarki og stjórnsýsla einföld.

Niðurstaða stjórnar er að fela formanni og framkvæmdastjóra að skoða þetta nánar með Byggðastofnun sem samtökin er með samning við. Endanleg útfærsla byggi á umræðum fundarins.

Farið var yfir mönnun á ráðgjafaþjónustu og hugmynda um breytingu á skipulagi. Niðurstaða stjórnar er að fela framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um stöðuna. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 5. maí nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 16:05

Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Arnar Freyr Ólafsson
Árni Eiríksson
Njáll Ragnarsson
Jóhannes Gissurarson
Sigurbjörg Jónsdóttir

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Austurvegi 56
800 Selfossi
Sími 480 8200
sass.is

**FUNDARGERÐ FRÁ FUNDI SVÆÐISSKIPULAGSNEFNDAR** – 28. mars 2023

Samantekt frá fundi svæðisskipulagsnefndar um gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið.

Tilgangur fundarins er að yfirfara minnisblað um fjárhag verkefnisins dags. 22. mars sl.

Fundur haldinn í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli þriðjudaginn 28. mars kl. 15:00 til 15:15.

**Eftirtaldir fulltrúar svæðisskipulagsnefndar sitja fundinn:**

Arnar Freyr Ólafsson, Rúnar Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Ísleifur Jónsson, Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Sigurður U. Sigurðsson, Gerður Stefánsdóttir, Smári B. Kolbeinsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Árni Eiríksson, Gunnar Aron Ólason og Vigfús Þór Hróbjartsson.

Bjarni Guðmundsson ritar fundargerð.

Helgi og Bjarni kynna minnisblaðið en í því kemur m.a. fram að nokkrar breytingar hafa orðið á fjárhagsramma verkefnisins frá því að lagt var af stað síðla árs 2020. Skýringar á því eru að á verktímanum var ákveðið að bæta við mikilvægum greiningum á víðernum og verndarsvæðum m.a. með kaupum á sérfræðiaðstoð og einnig hefur verðbólga (breyting á launum- og verðlagi) haft nokkur áhrif. Verkefnisstjórn hefur farið yfir kostnaðaráætlun ráðgjafafyrirtækisins EFLU og niðurstaðan hefur leitt til að fyrirtækið kemur til móts við verkkaupa með auknum afslætti. Verkefnisstjórn svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið leggur til að ljúka verkefninu og að skipting kostnaðar skiptist á milli aðila þannig að sveitarfélögin sem að verkefninu koma greiði 50% og Skipulagssjóður greiði skv. reglum sjóðsins 50%. Verði þetta niðurstaðan þarf hvor aðili að greiða 12 m.kr.

Niðurstaða umræðu er að svæðisskipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórnir sveitarfélaga sem að verkefninu standa að ljúka gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið og að þau skipti með sér viðbótarkostnaði til samræmis við kostnaðarskiptingu við frumáætlun frá í nóvember 2020. Bjarna falið að senda erindi á sveitarstjórnir.

Fundi lokið kl. 15:15.

FUNDARGERÐ

| SKJALALYKILL | VERKHEITI |
|---|---|
| 7852-002-FUN-024-V01 | Svæðisskipulag Suðurhálendis 2022 - 2042 |
| **DAGS. / TÍMI FUNDAR** | **VERKKAUPI** |
| 28.03.2023 | SASS |
| **NR. FUNDAR** | **FUNDAREFNI** |
| 24 | 1. Viðbrögð við athugasemdum<br>2. Ferlið framundan<br>3. Næsti fundur |

| FUNDARGERÐ | FUNDARBOÐARI | FUNDARSTAÐUR |
|---|---|---|
| SM 30.03.2023 | SASS | Hvoll Hvolsvöllur |

| FUNDARMENN | FYRIRTÆKI |
|---|---|
| Arnar Freyr Ólafsson, Rúnar Guðmundsson | Árborg |
| Árni Eiríksson | Flóahreppur |
| Nanna Jónsdóttir, Ísleifur Jónsson | Ásahreppur |
| Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir | Bláskógabyggð |
| Sigurður U. Sigurðsson, Gerður Stefánsdóttir | Skeiða- og Gnúpverjahreppi |
| Smári B. Kolbeinsson | Grímsnes- og Grafningshr. |
| Halldóra Hjörleifsdóttir | Hrunamannahreppur |
| Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir | Skaftárhreppur |
| Anton Kári Halldórsson | Rangárþing eystra |
| Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Gunnar Aron Ólason | Rangárþing ytra |
| Vigfús Þór Hróbjartsson | UTU |
| Gísli Gíslason, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir | Verkfræðistofan EFLA |

| Dreifing | Fyrirtæki |
|---|---|
| Bjarni Guðmundsson | SASS |
| **Fundarskjöl** | **Næsti fundur** |
| Vinnuskjöl: Samantekt umsagna og tillögur að viðbrögðum við þeim | Apríl 2023 |

**Dagskrá og efni fundar**

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 23. fundar og telst hún samþykkt.

1. **Farið yfir viðbrögð við athugasemdum**

Farið var yfir skjal þar sem umsagnir og athugasemdir eru flokkaðar og tillögur um viðbrögð nefndarinnar við þeim. Skjalið var uppfært í aðeins einfaldari mynd og er hluti af þessari fundargerð.

2. **Ferlið framundan**

Þegar nefndin hefur samþykkt viðbrögð við umsögnum og þegar skipulagsgögnin hafa verið uppfærð til samræmis við þá niðurstöðu verður tillagan send sveitarfélögum til samþykktar.

Þegar samþykkt sveitarfélaganna liggur fyrir mun tillagan vera send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún verður auglýst.

Gert er ráð fyrir að tillagan verði auglýst í ágúst/september.

3. **Næsti fundur**

Næsti fundur verður fjarfundur sem haldinn verður seinni hluta aprílmánaðar. Á fundinum verður farið yfir uppfærð skipulagsgögn sem fara í framhaldinu til sveitarstjórna til samþykktar.

**FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA**

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

4. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn mánudaginn 27. mars 2023 kl. 18 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Árni Eiríksson. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. <u>**Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2022.**</u> Lýður Pálsson fylgdi skýrslunni úr hlaði. Hún fer á heimasíðu safnsins og verður send sveitarfélögum sýslunnar.

2. <u>**Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga fyrir 2022.**</u> Ársreikningurinn er gerður af KPMG endurskoðun. Á árinu voru greiddar 36,7 millj. kr. í laun auk 9,7 millj. króna í launatengd gjöld. Á árinu unnu 12 starfsmenn hjá safninu í 3,3 stöðugildum. Rekstrarniðurstaða ársins 2022 var neikvæð um 6,5 millj. kr. samkvæmt rekstrareikningi. Fjármagnsgjöld voru 25,2 millj. kr. Eigið fé safnsins nam 26,1 millj kr. í árslok 2022 samkvæmt efnahagsreikningi. Heildarveltan varð 92 millj. kr. Stjórn safnsins og safnstjóri árituðu ársreikninginn.

3. <u>**Sýningar og viðburðir.**</u> Um þessar mundir er verið að vinna að gerð sýningarinnar „Drengurinn, fjöllin og Húsið" sem verður vorsýning safnsins og fjallar um æsku Ásgríms Jónssonar listmálara í Flóanum. Sýningin opnar 1. apríl. Sumarsýningin nefnist „Sitthvað af konu - konur á Eyrarbakka" og er unnin í samstarfi við Jónínu Óskarsdóttur sem rannsakað hefur líf og ævi fjölmargra kvenna á Eyrarbakka fyrr og síðar. Sýningin opnar 17. júní og byggir á viðtalsbók Jónínu. Einnig vinnur safnið með Listasafni Árnesinga og Listasafni Íslands að Ásgrímsleiðinni þar sem farið er í rútu um sögustaði Ásgríms listmálara í héraðinu. Einnig er gefið út kort þar sem allir geta þrætt þessa staði. Lögð voru fram drög að viðburðardagatali safnsins fram til ársloka. Viðburðadagatalið er margþætt og verður mikið líf í safninu á árinu en mikil vinna starfmanna safnsins fer í undirbúning og framkvæmd.

4. <u>**Byggðasafn Ölfuss**</u>. Safnstjóri lagði fram minnisblað um Byggðasafn Ölfuss. Safnkostur þess, um 450 gripir, voru faldir Byggðasafni Árnesinga til varðveislu árið 2018. Þeir eru nú í grófmunasal Byggðasafns Árnesinga til bráðabirgða. Framundan er skráning þeirra í sérstaka undirskrá í Sarp, merking og fullnaðarskráning auk þess sem viðkvæmari gripum verður fundinn betri varðveislustaður í Búðarstíg 22. Mikil vinna er fólgin í þessari umsýslu safnmunanna og verður sótt um verkefnastyrk til þess í Safnasjóð 2024.

5. <u>**Starfsemin um þessar mundir.**</u> Frá því í desember hefur verið unnið að innra starfi safnsins og öðrum tilfallandi verkefnum eins og skráningu, undirbúning komandi viðburða, markaðssetningu, myndvæðingu í Sarp og mótun fræðslustefnu safnsins. Síðustu vikur hafa farið í Ásgrímsleiðina samstarfsverkefni með Listasafni Árnesinga og við að setja upp páskasýninguna „Drengurinn, fjöllin og Húsið" og fjallar um vikapiltinn Ásgrím Jónsson sem var í Húsinu um 1890 og varð síðan afkastamikill listmálari. Yfir háveturinn er safnið opið eftir samkomulagi og hafa margvíslegir hópar, innlendir, erlendir og skólar komið í heimsóknir. Safnstjóri hefur með Lilju Árnadóttur mótað varðveislustefnu fyrir safnið sem verður kynnt á næsta stjórnarfundi. Nýr kynningarbæklingur er í vinnslu og einnig stendur til að opna nýja heimasíðu fljótlega. Búið er að ráða sumarstarfsfólk. Fundað hefur verið um sumarsýningu safnsins en vinna við hana hefst eftir páska.

6. <u>**Næsti fundur stjórnar**</u>. Næsti fundur stjórnar verður 17. apríl 2023 kl. 17.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19,30.

Sandra Sigurðard. Þórhildur Ingvadóttir

# Fundargerð

**7. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 3. janúar 2023, kl. 16:00.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður héraðsnefndar. Gestur Kristjánsson boðaði forföll.

1. **Fundarsetning**
   Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugsemdir komu fram.

2. **Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga**
   Farið var yfir aukafund Héraðsnefndar Árnesinga sem haldinn verður 10. janúar nk. í Ráðhúsi Árbogar kl.15:00. Lagt verður fyrir fundinn þá valkosti sem unnið hefur verið með. Um er að ræða Hafnarskeið 6 í Þorlákshöfn og Hellismýri 8 á Selfossi. Forsvarsmönnum beggja aðila hefur verið boðið á fundinn til að kynna sýna valkosti og svara fyrirspurnum. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að niðurstaða fáist í húsnæðismálum Héraðsskjalasafnsins á fundinum.

3. **Tryggingamál stofnana Héraðsnefndar**
   Formaður kynnti tilboð frá ráðgjafafyrirtækinu Consello um að fara yfir tryggingamál stofnana Héraðsnefndar. Árið 2019 var farið yfir tryggingamál stofnana og náðist góður árangur við þá vinnu. Formaður fór yfir tölvupósta frá forstöðumönnum um stöðu tryggingamála. Framkvæmdastjórn samþykkir að fela Consello að fara yfir tryggingamálin. Formanni falið að vinna málið áfram.

**4. Ráðningasamningur við Lýð Pálsson**

Lögð voru fram drög að ráðningasamningi við Lýð Pálsson. Forstöðumann Byggðasafns Árnesing. Umræða var um ráðningasamninginn. Samþykkt er að fresta málinu og formanni framkvæmdastjórnar og fjárhaldsmanni falið að vinna málið áfram.

**5. Næsti fundur**

Boðað verður til næsta fundar fljótlega eftir aukafund Héraðsnefndar.

Fundi slitið kl. 17:00

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson
Ingibjörg Garðarsd.
[illegible]
Sandra Sigurðard.
Kjartan Björnsson

# Fundargerð

**8. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. og stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn á Teams 16. janúar 2023 kl. 8:00.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson, Jón Bjarnason, Brynhildur Jónsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður.

Dagskrá:

1. **Fundarsetning**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir komu fram vegna fundarboðs.

2. **Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins**

Farið var yfir bókun aukafundar Héraðsnefndar sem haldinn var 10. Janúar 2023 á húsnæðismálum Héraðsskjalasafnsins. Samkvæmt grófri áætlun forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins er gert ráð fyrir að kostnaður við að standsetja húsið að Hellismýri sé um 30 milljónir. Héraðsnefnd á húseignina Háheiði 9 á Selfossi. Gert er ráð fyrir að sú eign verði seld til að mæta kostnaði við að standsetja Hellismýri 8. Áætlað er að hægt sé að fá 35-38,5 milljónir fyrir Háheiði 9. Hérðasskjalasafnið á líka arf frá Helga Ívarssyni að upphæð 15 milljónir sem getur nýst við að standsetja safnið að Hellismýri. Af framangreindu er ljóst að söluverð af Háheiði 9 og arfurinn frá Helga Ívarssyni á að duga vel fyrir að standsetja húsið að Hellismýri 8.
Kaupverð á Hellismýri er 194.220.000 milljónir við þá upphæð bætist virðisaukakvöð að upphæð 20 – 22 milljónir króna. Heildarverð er því 216.220.000 kr. (miðað við hærri tölu í virðisaukakvöð). Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar óskar eftir samþykki aðildarsveitarfélaganna vegna kaupa og framkvæmda á Hellismýri 8 og þeim lánsskuldbindingum sem þeim fylgja að hámarki 216.220.000 kr. Umræða var um lánskjör. Formanni falið að senda erindið á aðildarsveitarfélögin.

Fundi slitið 8:44

Sandra Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson     Ingibjörg Garðarsd.
Gestur Kristjánsson     Kjartan Björnsson
Sandra Sigurðard.
Arna Ír Gunnarsdóttir

Fullgild rafræn undirskrift
ÞORSTEINN TRYGGVI MÁSSON
Kennitala: 190466-4349
2023-03-27 13:46:18 GMT
Ástæða: Undirskrift
Powered by Dokobit

Fullgild rafræn undirskrift
GESTUR ÞÓR KRISTJÁNSSON
Kennitala: 161172-4059
2023-03-27 14:04:19 GMT
Ástæða: Undirskrift
Powered by Dokobit

Fullgild rafræn undirskrift
BRYNHILDUR JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 080769-2969
2023-03-27 17:57:26 GMT
Ástæða: Undirskrift
Powered by Dokobit

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN BJARNASON
Kennitala: 250193-2629
2023-03-28 15:56:45 GMT
Ástæða: Undirskrift
Powered by Dokobit

Árnesinga

Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

# Endurrit úr fundargerðabók Héraðsskjalasafns Árnesinga

Fundur í stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga.
Fundur á Héraðsskjalasafni Árnesinga að Austurvegi 2 á Selfossi þann 21. mars 2023.
Fundur settur kl. 08:30.

Mætt: Gestur Þór Kristjánsson formaður, Brynhildur Jónsdóttir, Jón Bjarnason og Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá**

1. **Ársreikningur 2022.**
   ÞTM fer yfir ársreikning fyrir árið 2022. Rekstrartekjur eru alls kr. 55.051.907,- rekstrargjöld eru alls kr. 49.834.552,- fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru alls kr. 745.628,- rektarniðurstaða ársins er því jákvæð upp á kr. 4.471.727,-
   GÞK, BJ og JB tóku til máls.

   Stjórn samþykkir ársreikning og lýsir yfir ánægju sinni með rekstur safnsins.

2. **Starfsáætlun 2023.**
   ÞTM kynnir starfsáætlun ársins 2023 og fer yfir verkefnastöðu safnsins. Fyrirspurnir og erindi það sem af er ári eru um 315, nýjar afhendingarnar eru 16 auk 18 afhendinga sem fá aðfanganúmer 1023 en þær voru ekki skráðar í aðfangabók á sínum tíma.

   Farið yfir helstu verkefni ársins og samstarfsverkefni héraðsskjalasafnsins og nokkurra afhendingarskyldra aðila í héraði vegna tilkynninga á rafrænum gagnasöfnum en minnst sex tilkynningar eru væntanlegar á árinu. Reikna má með afhendingum úr þessum gagnasöfnum árið 2027 eða 2028. Þá eru fyrirhugað að skoða skil á rafrænum gagnasöfnum án hirðis á þessu ári og næsta. Ljóst er að fjölgun um eitt stöðugildi breytir miklu hvað varðar stafræna vegferð sveitarfélaga og því hægt að tryggja hlítingu reglna, markvissari innleiðingu kerfa o.fl. Þetta nýja stöðugildi hefur bein áhrif á innleiðingu kerfa, skjalahald sveitarfélaga og þá á aðgengi íbúa í seinna meir að rafrænum gagnasöfn um sveitarfélaga. Stjórn vill nota tækifærið og hrósa héraðsnefnd fyrir framsýni þegar kemur að stafrænni vegferð sveitarfélaga og stofnana þeirra í Árnessýslu.

   Öll héraðsskjalasöfnin hafa undirritað samstarfssamning vegna miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu og undirritaði héraðsskjalavörður einnig samstarfssamning við NEA sem er samstarfsvettvangur danskra sveitarfélaga um rafræn skil.

Héraðsskjalasafn
Árnesinga

Austurvegur 2 | 800 Selfoss | s. 482 1259 | kt. 630189 2849

ÞTM leggur Ársskýrslu 2021, Stefnumótun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2023-2028, samstarfssamning við NEA og skýrslu sem héraðsskjalavörður skrifaði ásamt Sólborgu Unu Pálsdóttur héraðsskjalaverði Skagfirðinga skrifuðu fyrir stýrihóp héraðsskjalavarða um rafræna skjalavörslu og varðveislu fram til kynningar.
GÞK, BJ og JB tóku til máls.

3. **Húsnæðismál héraðsskjalasafnsins**
Staða húsnæðismála safnsins tekin til umfjöllunar eftir auka fund Héraðsnefndar Árnesinga bs. fund og oddvita sveitarfélaganna. GÞK og JB greina frá fundi oddvita og hugmyndum sem þar voru settar fram varðandi mögulega lausn á húsnæðismálum safnsins. Þá rætt um kröfur til húsnæðis skv. byggingareglugerð og þann kost sem nú er á borðinu. Stjórnsýsluleg staða Héraðsnefndar reifuð. Stjórn héraðsskjalasafnsins sammála um að húsnæðismál safnsins þurfi að leysa eins fljótt og kostur er.
GÞK, BJ, JB og ÞTM tóku til máls.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:50.

Gestur Þór Kristjánsson [sign]
Brynhildur Jónsdóttir [sign]
Jón Bjarnason [sign]
Þorsteinn Tryggvi Másson [sign]